

Frístundaheimili Hauka

Frístundaheimili Hauka opnaði 15. september 2014. Það er í boði fyrir börn í skólum í Hafnarfirði í 1. og 2. bekk grunnskóla. Frístundaheimilið er opið alla virka daga kl. 13:00 – 17:00. Á skipulagsdögum skólans o.þ.h. opnar Frístundaheimilið kl. 9:00.

Í fyrstu byrjuðu einungis 6 börn og 1 starfsmaður. Í dag eru 34 börn og 3 starfsmenn. Að auki eru nokkur börn á biðlista. Á Frístundaheimilinu eru 16 börn í 1. bekk og 18 börn í 2. bekk. 19 börn eru skráð alla daga vikunnar en 14 eru skráð 1 – 4 daga vikunnar. Flest börnin eru í Hraunvallaskóla en tvö börn eru í Víðistaðaskóla. Þau sem eru í Hraunvallaskóla eru sótt í skólann kl. 13:10 og ganga allir saman yfir á Ásvelli þegar veður leyfir, annars er farið með rútu. Tvisvar í viku þarf að sækja börn úr Hraunvallaskóla í Ásvallalaug. Börnin sem eru í Víðistaðaskóla eru sótt í skólann kl. 13:20 á rútu.

Strax fyrir haustið er búið að sækja um fyrir 28 börn á Frístundaheimili Hauka. Stúlkur hafa verið í minnihluta en miðað við umsóknirnar sem hafa borist fyrir næsta haust mun þeim fjölga. Næsta haust verður dvölin einnig í boði fyrir börn í 3. bekk svo þau börn sem eru að klára 2. bekk og eru á Frístundaheimilinu geti haldið áfram.

Stefna og markmið

Frístundaheimili Hauka leggur mikið upp úr því að andrúmsloftið sé gott og að öllum líði vel. Góð samskipti við börnin og foreldra/forráðamenn er lykillinn að góðu samstarfi og trausti milli allra aðila. Viðmið er að hámarksfjöldi barna á Frístundaheimilinu sé 40 og er þá miðað við núverandi aðstæður og er þá horft til þess að börnin fái að njóta sín sem best og sem mest persónuleg tengsl myndist, hvort sem það er milli barna og/eða foreldra/forráðamanna. Áhersla er lögð á hreyfingu, þrautir og leiki sem fela í sér hreyfingu. Börnin hafa ávallt val um að fara út, leika sér, hafa rólega stund og t.d. spila, lita, fara í Lego, læra o.þ.h. Proskapættir skv. aðalnámskrá grunnskóla eru hafðir að leiðarljósi. Mikilvægt er að börn fái jákvæða upplifun af hreyfingu, kynnist íþróttahúsinu, vinni saman, eflist sem hópur og sem einstaklingar, þekki eigin líkama, leiki sér úti og njóti þess að vera til!

Starfsemi

Skipulag er gert til að sjá hvernig vikan lítur út, gróflega. Daglega er frjáls stund þar sem börnin geta leikið sér sjálf í því sem þau vilja. Skipulögð dagskrá er að minnsta kosti þrisvar í viku. Þá er ýmist farið í leiki inni eða úti, spilað, farið í göngutúr, farið út, o.fl. Starfið er í stöðugri þróun og er verið að bæta inn aðstoð við heimanám, aðallega lestur, ef foreldrar vilja nýta sér það.

Mikil tenging er milli æfinga hjá Haukum og Frístundaheimilisins. Flestar æfingar hjá aldurshópnum á Frístundaheimilinu, byrja meðan börnin dvelja á Frístundaheimili Hauka. Börnin gera sig yfirleitt tilbúin fyrir æfingar á Frístundaheimilinu og fá aðstoð við það eins og þau þurfa. Einnig eru börn sem æfa sund í Ásvallalaug og fara frá Frístundaheimilinu yfir í sundlaugina til að fara á æfingu.

Aðstaðan

Samkomusalurinn er aðal aðstaða Frístundaheimilisins. Þar er forsalur með fatahengi, eldhúsi og salernum. Þar eru einnig borð og stólar sem eru notuð þegar börnin borða og þegar þau vilja hafa rólega stund. Einnig er salur sem hægt er að skipta í tvennt auk þess er hægt að ganga út á svæði með útileiktækjum. Nú er verið að vinna að því að búa til smá lestrar aðstöðu fyrir börnin svo starfsmenn geti aðstoðað þau við lestur og/eða heimanám. Þegar tækifæri gefst er stóri íþróttasalurinn nýttur. Einnig er farið út á gervigrasið og leikið í náttúrunni í kring.

Starfsmenn

Forstöðumaður Frístundaheimilis Hauka er Erna Rós Sigurjónsdóttir. Forstöðumaðurinn vinnur 100% starf, er á skrifstofu og í undirbúning fyrir hádegi og hefur umsjón með börnunum á Frístundaheimilinu eftir hádegi. Erna Rós hefur B.S. gráðu í íþrótt- og heilsufræði frá Háskóla Íslands, dansaradiplóma frá Danslistarskóla JSB, próf í skyndihjálp og björgun frá Rauða krossi Íslands. Hefur unnið á leikskóla, í forvarnarfræðslu, á baðstað í þjónustu og öryggisvörslu, í leikjaskóla barnanna og aðstoð við þjálfun í 8. flokk í knattspyrnu hjá Haukum o.fl. Starfsmenn Frístundaheimilis auk Ernu Rósar eru Þórhildur Erla Pálsdóttir og Jón Bjarni Þórðarson. Þórhildur Erla er menntuð sem íþrótt- og heilsufræðingur með B.S. í íþrótt- og heilsufræði frá Háskóla Íslands og með próf í skyndihjálp og björgun frá Rauða krossi Íslands. Auk þess stundar Þórhildur meistaranám í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands. Hún hefur mikla reynslu á að vinna með börnum og unglingum, hefur m.a. verið skólustjóri íþróttaskóla, æskulýðsfulltrúi, danskennari o.fl. Hún vinnur mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 13:00-17:00. Jón Bjarni er ungur og hress strákur sem er að auka reynslu sína á að vinna með börnum. Hann vinnur alla daga kl. 13:00 – 17:00.

Greiðsluupplýsingar

Mánaðargjaldið er 20.000 kr og daggjaldið er 1.200 kr. Innifalið í gjaldinu er síðdegishressing, ávextir og rúta.

Framtíðarsýn

Frístundaheimili Hauka er frumkvöðlastarf og fyrirmynd fyrir önnur íþróttafélög, æskulýðsfélög o.þ.h. Frístundaheimili í íþróttafélögum og á fleiri stöðum en í skólunum er það sem koma skal og á eftir að verða vinsælt innan fárra ára.

Það sem þarf að bæta á Frístundaheimili Hauka er aðstaðan, veislusalur er ekki ákjósanlegasti staður fyrir börn sem þurfa útrás og leika sér með ýmis áhöld og bolta. Auk þess eru ýmsar hættur sem leynast. Einnig þarf að hafa rými fyrir börnin að leika sér þar sem hljóðið deyfist og berst ekki um allt. Það væri gott að geta haft rými til að loka af til að hafa alveg ró og næði. Einnig vantar almennilegt fatahengi og skóhillur fyrir börn. Fyrir utan aðstöðuna vantar áhöld í eign Frístundaheimilisins sem hægt væri að geyma á Frístundaheimilinu. Einnig væri gaman að geta gert Frístundaheimili Hauka heimilislegt með því t.d. að hengja myndir eftir börnin upp á vegg og hanna aðstöðuna að þeirra þörfum.

Forstöðumaður Frístundaheimilis Hauka,

Erna Rós Sigurjónsdóttir